



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2015

## ENSK2OR05

### Orðaforði og ritun

<b>Kennari:</b>	<b>Ágústa Rúnarsdóttir, Helgi Þorvaldsson, Kristjana Hrund Bárðardóttir, Paola Ýr Daziani</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>ÁRU, HP, KHB, PD</b>
-----------------	---	---------------	-------------------------------------

#### Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Nemendur fá þjálfun í að vinna að viðameiri verkefnum þar sem efnis er leitað á bókasöfnum, á netinu og í margmiðlunarefni. Menning enskumælandi landa er kynnt á markvissan hátt. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

**Undanfari:** ENSK2OL05

#### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál
- ólíkum viðhorfum og gildum, hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

#### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið

skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

## Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

## Námsefni:

**New Writing Exercises Spring 2015**

**Academic Word List ENSK2OR05**

Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

**Kjörbók:** Nemandur velja sér **eina** bók af eftirfarandi titlum:

**Forget You Had A Daughter** Sandra Gregory

**Land of the Living** Nicci French

**Light On Snow** Anita Shreve

fjölrit í bóksölu F.Su.

fjölrit í bóksölu F.Su.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nemendur búa til sína eigin áætlun og skila til kennara.

## Sérreglur áfangans:

**Skilaskylda er á öllum verkefnum.** Nemandur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf eftir ákvörðun kennara. Moodle er notað sem upplýsingabanki. Gefin verður sérstök einkunn fyrir virkni í tíma og vinnu almennt (ástundun). Nemandur 20 ára eða eldri skulu undirrita námssamning við kennara.

**Nemendur sem eru með 8,0 eða hærra í annareinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf.**

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kjörbók	Fjögur próf	15%
Efnisgreinar	A.m.k. þrjár efnisgreinar	10%
Topics	Þrjú mismunandi verkefni um enskumælandi lönd	20%
Ástundun	Virkni og vinna við efni áfangans	5%
Lokapróf	Lagt fyrir á námsmatsdögum	50%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**